

Með vísan til 10. gr. reglugerðar nr. 369/2003 um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, staðfestast reglur þessar hér með.

*Fjármálaráðuneytinu, 30. desember 2004.*

F. h. r.

**Marianna Jónasdóttir.**

*Elmar Hallgríms.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag frístundabyggðar í Refsási (II. áfanga), í landi Hálsa, Skorradalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 10. nóvember 2004 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar í Refsási (II. áfangi) í landi Hálsa Skorradalshreppi.

Deiliskipulagið er um 6 ha að stærð og gerir ráð fyrir 9 lóðum fyrir frístundahús (merkt 9-17) og er leyfilegt að reisa eitt frístundahús allt að 120 m<sup>2</sup> að grunnfleti á hverri lóð ásamt geymslu. Á lóð merkt nr. 10 verður heimilt að reisa tvö hús innan byggingarreits.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Grund, 24. desember 2004.*

F.h. sveitarstjórnar Skorradalshrepps,

**Davíð Pétursson.**

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Túngata 7, Álftanesi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarráð Álftaness þann 9. desember 2004 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Túngata 7, Álftanesi, frá deiliskipulagi Túnahverfis, dags. 17. júlí 1996. Breytingin felst í því að byggingarreitur er stækkaður um 0,6 m út frá suðausturhlíð hússins.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Álftanesi, 26. desember 2004.*

**Gunnar Valur Gíslason** bæjarstjóri.